FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

409. fundur

Föstudaginn 15. ágúst 2025 var haldin fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30.

Dagskrá:

1. Árshlutauppgjör jan til jún 2025.
2. Umræður um forsendur fjárhagsáætlunar 2025
3. Skipan fulltrúa Strætó í eignarmat vegna Almenningssamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf.
4. Sölutölur.
5. Markaðmál vegna leiðarkerfisbreytingar.
6. Leiga á rafvögnum, næstu skref.
7. Menningarnótt.
8. Skipan starfskjaranefndar.

Mætt voru:

Margrét V. Marteinsdóttir (MM) Lovísa Jónsdóttir (LJ), Magnús Örn Guðmundsson (MÖG), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Alexandra Briem (AB).
Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) og Elísa Kristmannsdóttir (EK) sem ritaði fundagerð.

Tekið fyrir:

1. Leiga á rafvögnum

Farið yfir minnisblað vegna leigu á vögnum. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

2. Skipan fulltrúa Strætó í eignamat vegna Almenningssamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf

Stjórn leggur til að Jóhannes Rúnarsson, verði fulltrúi Strætó í eignarmatinu.

3. Skipan starfskjaranefndar

Umræður um málið og lagt til að núverandi meðlimir séu áfram í starfskjaranefnd.

4. Árshlutauppgjör janúar til júní 2025.

Elísa Kristmannsdóttir, fjármálastjóri fór yfir árshlutauppgjör fyrir janúar til júní 2025. Tekjur og gjöld eru undir áætlun sem skýrist að mestu af því að þjónustuaukning sem fyrirhuguð var í byrjun árs kemur til framkvæmda í ágúst 2025. Eigið fé Strætó er jákvætt í lok tímabilsins.
Stjórn samþykkir árshlutauppgjör.

5. Forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2025

Töluverðar breytingar eru fram undan á skipan almenningssamganga á höfuðborgarsvæðinu. Unnið hefur verið að aðlögun fjárhagsáætlunar í samræmi við það og er gert ráð fyrir að fyrstu drög verði tilbúin í september. Almennar forsendur um hækkun vísitalna og kjarasamningshækkanna eru notaðar, stuðst við þjóðhagsspá gerða í júlí 2025 og þær breytingar á rekstrarfyrirkomulagi og þekktar eru í dag.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11 2026

6. Sölutölur

Markús Vilhjálmsson, markaðsstjóri fór yfir sölutölur síðustu mánaða og frávik frá áæltun. Rætt var um fyrirkomulag gestakortsins *City Card* sem er í boði fyrir ferðamenn. Ákveðið var að óska eftir betri kynningu á verkefninu frá Höfuðborgarstofu, sem heldur utan um kortið og framkvæmd þess. Markmiðið er að fá skýrari mynd af virkni kortsins, umfangi, verðlagi og markaðssetningu, sem og mögulegum ávinningi fyrir Strætó.
Farið var yfir stöðu og árangur fargjaldaálags sem innleitt var um áramót. Einnig var rætt hvort þörf væri á að fjölga eftirlitsmönnum til að styrkja framkvæmdina.

7. Markaðsmál

Markús Vilhjálmsson, markaðsstjóri fór yfir markaðsherferð tengda þjónustuaukningu.

8. Menningarnótt

Herdís Steinarsdóttir, sölu- og markaðsfulltrúi fór yfir hvernig leiðarkerfi Strætó verður á menningarnótt.

Fundi slitið 9:30

Fylgiskjöl: Sölutölur, menningarnótt ársreikningur janúar til júní 2025

_____	_____
Alexandra Briem	Hrannar Bragi Eyjólfsson
_____	_____
Andri Steinn Hilmarsson	Margrét V. Marteinsdóttir.
_____ _	_____
Lovísa Jónsdóttir	Magnús Örn Guðmundsson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11 2026